

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**12. fundur**  
**haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs, 7. apríl 2008**

**Fundur með stjórn Vatnajökulspjóðgarðs.**

**Mættir:** Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs. Svæðisráð: Eiríkur Björn Björgvinsson, Magnhildur Björnsdóttir, Þórhallur Þorsteinsson, Skúli Björn Gunnarsson og Skarphéðinn G. Þórisson. Björn Ármann var fjarverandi.

**Dagskrá:**

1. **Samningaviðræður við landeigendur - staða**
2. **Reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs - ný drög**
3. **Verndaráætlun - umræða**
4. **Þjóðgarðsvörður á Skriðuklaustri - auglýsing**
5. **Gestastofur**
  - a. **Arkitektasamkeppni - staða**
6. **Viðræður við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs um aðstöðu og samstarf í Hvannalindum, Kverkfjöllum og Snæfelli - staða**
7. **Önnur mál**

Eiríkur Björn stýrði fundi og setti hann kl. 13.05. Gengið var til dagskrár.

**1. Samningaviðræður við landeigendur - staða**

Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, greindi frá stöðu mála varðandi viðræður við landeigendur. Umhverfissráðuneytið er búið að senda út bréf til allra aðila. Anna Kristín formaður sagði að í byrjun næsta mánaðar yrði væntanlega tekið út hvaða landsvæði samningar hefðu náðst um og það síðan unnið inn í reglugerðina. Áfram yrði svo haldið með viðræður eftir stofnun þjóðgarðsins.

**2. Reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs - ný drög**

Eiríkur opnaði umræðuna og sagði stjórn vera langt komna með drögin og svæðisráðið fengi á næstu dögum drög til yfirlestrar og þá gætu menn komið á framfæri athugasemdum. Anna Kristín sagði ætlunina að senda út reglugerðardrögin til svæðisráðanna um helgina og helst til hagsmunaaðila í næstu viku enda væri orðinn skammur tími til stofnunar garðsins um mánaðamótin maí-júní. Skúli Björn benti á að nauðsynlegt væri að svæðisráðin þyrftu að fara yfir þetta áður en það færi til fleiri aðila. Með því móti fengjust sterkari drög til að kynna. Hjalti benti á að honum finndist þetta þurfa að fara fyrir tvo fundi svæðisráðs og tvo fundi sveitarstjórnanna. Hann varpaði því fram hvort að rétt væri að setja þetta á netið. Fleiri tóku til máls og voru menn á því að samráðið þyrfti að vera mikið og vanda yrði til verka en sömuleiðis væri tímappressa með að stofna þjóðgarðinn í byrjun júní.

Niðurstaða umræðna varð sú að svæðisráðið fengi reglugerðardrög send til sín um helgina og formaður boðaði til fundar strax eftir helgina.

### 3. Verndaráætlun - umræða

Eiríkur opnaði umræðu og greindi frá því að svæði 3 (Suðursvæðið) gerði ráð fyrir að semja við Háskólasetrið á Hornafirði um að taka að sér gerð verndaráætlunar á því svæði. Eiríkur sagði að hér hefðu menn rætt um að fá Náttúrustofu Austurlands í verkið. Þórður framkvæmdastjóri sagði að svæðisráðin ættu að geta farið í að ráða aðila til verksins strax en allt yrði þetta að vera innan fjárhagsramma þjóðgarðsins. Svæðisráðin hafa 18 mánuði til að vinna verndaráætlun og þurfa þá að skila henni til stjórnar sem hefur síðan 6 mánuði til að samræma og koma verndaráætluninni út til umsagnar.

Hjalti benti á að nauðsynlegt væri að vinna saman með ákveðin atriði, t.d. þyrfti samræmdan kortagrunn. Eydís benti á að staða rannsókna væri mismunandi eftir svæðum og taka yrði tillit til þess. Rætt var um mikilvægi þjóðgarðsvarðanna í vinnunni. Böðvar benti á mikilvægi samráðs strax frá upphafi.

### 4. Þjóðgarðsvörður á Skriðuklaustri - auglýsing

Farið var yfir drög að auglýsingu um starf þjóðgarðsvarðar og gerðar athugasemdir. Auglýsingin verður send í blöð um helgina og Þórður og Eiríkur munu svara fyrirspurnum. Svæðisráðið gerir síðan tillögu um ráðningu og yfirstjórnin ræður.

### 5. Gestastofur

Þórður greindi frá því að sex tillögur hefðu skilað sér inn um þjóðgarðsmiðstöð á Skriðuklaustri og dómnefnd væri að hefja störf. Gert er ráð fyrir að skila niðurstöðu 25. apríl.

### 6. Viðræður við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs

Þórður og Þórhallur fóru yfir drög að samningum um landvörslu í Kverkfjöllum, Hvannalindum og við Snæfell. Samningarnir eru til eins árs en framlengjanlegir. Fram kom að 75 manns sóttu um stöður landvarða í þjóðgarðinum og að mestu er búið að vinna úr þeim umsóknum og ráða.

Eiríkur fagnaði þessum samningum fyrir hönd svæðisráðsins þar sem mikilvægt væri að nýta reynslu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs á þessu svæði.

Anna Kristín gat þess að hún ætti á næstunni fund með forstjóra Umhverfisstofnunar um að flytja landvarðarnámskeiðin út á svæðin strax á næsta ári.

### 7. Önnur mál

Eiríkur lýsti því yfir að svæðisráð vænti góðs samstarfs við Þórð H. Ólafsson, nýráðinn framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14.30.

Skúli Björn Gunnarsson  
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson